

Miðvikudaginn 19. maí 1937.

Nr. 12/1937. **Hreppsnefnd Hvolhrepps**

(Pétur Magnússon)

gegn

Kaupfélagi Hallgeirseyjar

(Stefán Jóh. Stefánsson).

Krafa hreppsnefndar um, að kaupfélag yrði skyld-
að til að greiða gjald samkvæmt 38. gr. 3. tl. laga
nr. 36/1921 af íbúðarhúsi, er var eign kaupfé-
lagsins og kaupfélagsstjóri bjó í, ekki tekin til
greina.

Úrskurður fógetaréttar Rangárvallasýslu 12. nóv. 1936:
Hin umbeðna lögtaksgerð á ekki fram að fara.

Dómur hæstaréttar.

Af hálfu áfrýjanda, sem skotið hefir máli þessu
til hæstaréttar með stefnu 9. febr. þ. á., hefir fengið
gjafsókn í því og sér skipaðan talsmann, hefir
þess verið krafizt, að hinn áfrýjaði úrskurður
verði felldur úr gildi og að lagt verði fyrir fóget-
ann að framkvæma hið umbeðna lögtak. Svo hefir
áfrýjandi og krafizt málskostnaðar fyrir hæstarétti
eftir mati dómsins, eins og málið væri ekki gjaf-
sóknarmál.

Af hálfu stefnda hefir verið krafizt staðfest-
ingar á úrskurðinum og málskostnaðar fyrir hesta-
rétti eftir mati dómsins.

Á ástæður þær, er í hinum áfrýjaða úrskurði
greinir, þykir mega fallast, og ber því að staðfesta
úrskurðinn.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir
hæstarétti falli niður, og að máflutningslaun skip-

aðs talsmanns áfrýjanda, 75 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Málkostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmanns Péturs Magnússonar, 75 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Hreppsnefnd Hvolhrepps hefir gert Kaupfélagi Hallgeirseyjar að greiða skatt til sveitarsjóðs Hvolhrepps fyrir árið 1936, upphæð kr. 344.00, samkvæmt lögum nr. 36 frá 1921 38. gr. 3. tl. Hefir hreppsnefndin ákveðið skattinn 2% af fasteignarmatsverði allra húseigna félagsins í Hvolhreppnum, en húseignir þessar eru:

1. Verzlunarhús, fasteignamat kr. 5600.00
2. Íbúðarhús, fasteignamat .. — 11600.00

Samtals kr. 17200.00

Gjörðarþoli, Ágúst Einarsson, kaupfélagsstjóri, f. h. Kaupfélags Hallgeirseyjar, hefir mótmælt skattálagningu þessari að því leyti, sem skatturinn er lagður á íbúðarhús félagsins, og svarar það til kr. 232.00 af hinum álagða skatti, en á þessari upphæð er óskað lögtaks með bréfi oddvitans, dags. 4. þm., réttarskjal nr. 1.

Starfræksla Kaupfélags Hallgeirseyjar er verzlunarrekstur. Ber því félaginu að greiða skatt, samkvæmt 38. gr. laga nr. 36 frá 1921, af öllum þeim húseignum, sem það notar við verzlunarrekstur sinn. Um notkun íbúðarhússins er það upplýst, að það er nær eingöngu notað til íbúðar fyrir kaupfélagsstjóran og fjölskyldu hans. Þó fer einnig fram í húsinu endurskoðun á reikningum félagsins svo og ýmis fundarhöld þess, sem hvorttveggja tekur aðeins lítinn

hluta hússins og skamman tíma í hvert skipti. Um önnur bein afnot verzlunarinnar er ekki að ræða af téðu húsi.

Að því leyti, sem greint íbúðarhús er notað til íbúðar fyrir kaupfélagsstjórnann og fjölskyldu hans, verður að líta svo á, að þau afnot séu óviðkomandi verzlunarrekstri félagsins sem slíku og þar af leiðandi óviðkomandi starfrækslu félagsins. Þessvegna er hinn álagði skattur ranglega lagður á Kaupfélag Hallgeirseyjar, að því leyti, sem hann er miðaður við fasteignarmatsverð íbúðarhússins, eða þess hluta þess, sem kaupfélagsstjórninn hefir til íbúðar. Og þar sem ekki liggja fyrir upplýsingar um það, hve mikill hluti af húsinu er notaður af félaginu vegna endurskoðunar og ýmissa fundarhalda, sem vafalaust mun þó verða að telja alveg óverulegan hluta þess, ber að líta svo á, að öll hin umdeilda fjárhæð, kr. 232.00, sé ranglega lögð á félagið samkvæmt 38. gr. fyrrnefndra laga.

Fyrir því ber að synja um lögtak þetta.

Föstudaginn 21. maí 1937.

Nr. 140/1936. Ragnhildur Wiese

(Stefán Jóh. Stefánsson)

gegn

Sigurjóni Péturssyni f. h. Klæðaverksmiðjunnar „Álafoss“ og gagnsök

(Lárus Jóhannesson).

Bótakrafa A á hendur B fyrir rof á vinnusamningi ekki talin á rökum byggð.

Dómur gestaréttar Reykjavíkur 23. maí 1936: Stefndur, Sigurjón Pétursson f. h. Klæðaverksmiðjunnar „Álafoss“, greiði stefnöndu, Ragnhildi Wiese, kr. 1454.00 með 6% ársvöxtum frá 4. marz 1935 til greiðsludags og kr. 200.00 í málskostnað — allt innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.